



ORKUSTOFNUN

Tillögur um jarðhitarannsóknir á Nauteyri og
í Reykjanesi í Djúpi

Guðmundur Ingi Haraldsson

Greinargerð GIH-86-02

TILLÖGUR UM JARÐHITARANNSÓKNIR Á NAUTEYRI OG Í REYKJANESI Í DJÚPI

Í bréfi dagsettu 12. febrúar 1986 óskaði Íslax h/f eftir því að jarðhitadeild tæki saman tillögur um rannsóknir sem gera þarf á jarðhitasvæðunum á Nauteyri og Reykjanesi í Djúpi áður en boraðar verða fleiri holur.

Á Nauteyri hafa verið boraðar þrjár (3) holur að undangengnum jarðfræðiathugunum og segulmælingum. Í Reykjanesi hefur verið boruð ein (1) hola en áður hafði hverasvæðið verið kannæð lauslega.

Áður en ráðist er í að bora fleiri holur til að afla meira heits vatns á Nauteyri eða Reykjanesi telur jarðhitadeild nauðsynlegt að kanna þessi hitasvæði ítarlegar. Á hvorugu svæðinu hefur enn tekist að hitta í aðalvatnsleiðarann.

Tillögur um frekari rannsóknir

Fyrir liggja gögn, einkum svarf og hita- og jarðlagamælingar, úr bortholunum á Nauteyri og Reykjanesi sem nauðsynlegt er að vinna úr. Jarðhitadeild leggur til að gerðar verði frekari athuganir á báðum svæðunum til að bæta þá mynd sem menn gera sér af uppstreymisæðum heita vatnsins. Af þessum athugunum eru umfangsmestar viðnámssniðsmælingar sem lagt er til að gera á Baðlaugarsvæðinu við Nauteyri. Með þessum viðnámssniðsmælingum er líklegt að takast megi að finna aðfærsluæðar heita vatnsins. Þá er lagt til að segulmælt verði hitasvæðið í Reykjanesi og stækkað segulmælda svæðið við Baðlaugina á Nauteyri. Þá er einnig lagt til að berggrunnnurinn í Reykjanesi verði kortlagður og að jarðhitinn í nesinu verði kortlagður betur.

Til greina kemur einnig að beita viðnámssniðsmælingum á Reykjanesi. En vegna þess hve nesið er mjótt er einungis hægt að mæla með stuttum straumarmi og því myndu mælingarnar bara skynja grunnt, efstu 80 metrana. Þær koma því ekki að eins góðum notum þar og ella.

Kostnaðaráætlun

1.	Úrvinnsla úr borholugögnum og umsjón	350 þús.
2.	Jarðfræði og jarðhitaathugun í Reykjanesi	168 þús.
3.	Segulmælingar í Reykjanesi og Nauteyri Úrvinnsla	252 þús. 40 "
4.	Viðnámssniðsmælingar á Nauteyri Ferðir og flutningur tæknibúnaðar Úrvinnsla	255 þús. 90 " 230 "
5.	Viðnámssniðsmælingar í Reykjanesi (tekið í sömu ferð og Nauteyrmælingar) Úrvinnsla	128 þús. 90 "
	Samtals	1.603.000 kr.

Framangreindar kostnaðartölur innifela ferðakostnað en ekki kostnað við uppihald.